

Tillaga	A 1979/UKK
Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um örugg stafræn Norðurlönd fyrir börn og ungmenni

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að stofna starfshóp um samfélagsmiðla sem skal kanna möguleikann á aukinni vernd stafrænna notenda með samnorrænum reglum og landsbundnum verkefnum. Starfshópnum verði gefið umboð til að kanna eftirfarandi og tengdar spurningar:
- Geta Norðurlönd gert kröfur til tæknirisanna um að innleiða tímabundna jákvæða hnippingu („nudging“) og bjóða upp á betri foreldrastýringar í snjallsímum og á samfélagsmiðlum, til dæmis með því að leggja áherslu á stillingarnar við uppsetningu nýrra tækja, breyta sjálfgefnum stillingum tækja og bjóða upp á fleiri möguleika til að tryggja gæði innihaldsins?
 - Hvaða afleiðingar hefur það þegar einkarekin gagnadrifin fyrirtæki koma að menntamálum og er þörf að reglum á þessu sviði? Til dæmis með því að takmarka aðgang að gögnum barna bæði í einkageira og hjá hinu opinbera til að ekki megi misnota þau fyrir gervigreind eða nota í viðskiptalegum tilgangi.
 - Væri heppilegt að setja upp landsnefndir um samfélagsmiðla í norrænu löndunum, sem gætu til dæmis Svansvottað öpp?
 - Er hægt að innleiða tækniskilning inn í núverandi fög í grunnskólum?
 - Hvernig getur fræðslusjónvarpsefni og fræðsluöpp orðið raunverulegum valkostur við ókeypis efni á netinu sem ekki er uppeldisfræðilegt?

Bakgrunnur

Í tengslum við formennskuáætlunina „Örugg, græn og ung Norðurlönd“ vilja jafnaðarmenn í Norðurlandaráði leggja áherslu á stafrænt örugg Norðurlönd fyrir börn og ungmenni með því að stofna starfshóp um samfélagsmiðla undir Norrænu ráðherranefndinni sem skal kanna til hvaða aðgerða Norðurlönd geta gripið til að vernda börn og ungmenni á Norðurlönd betur gegn neikvæðum afleiðingum samfélagsmiðla og inngrips tæknirisanna inn í samfélög okkar.



Tækni og netmiðlar gegna stóru hlutverki í lífi allra ungmenna í dag, og norræn börn eru á meðal þeirra sem byrja yngst að nota netið. Samfélagsmiðlar eru sá staður þar sem börn og ungmenni kanna og þróa sjálfsmynd sína og sum myndu líklega kalla þá lífsnauðsynlega. Samfélagsmiðlar og aðrir stafrænir miðlar geta þó fljótt tekið yfirhöndina og í dag er neytendavörn barna og ungmenna langt á eftir.

Stafrænir miðlar lifa af með því að skapa fíkn og nýta gögn. Það er skylda okkar sem samfélags að tryggja að börn og ungmenni njóti verndar á viðkvæmum tímum snemma á lífsleiðinni og að þau búi yfir kunnáttu til að geta fótað sig á samfélagsmiðlum og öðrum stafrænum miðlum án þess að falla í þær mörgu gildirur sem tæknirisarnir setja. Við verðum að fræða börn og ungmenni okkar til að þau geti séð í gegnum gildirurnar og skilið kerfin sem liggja að baki þeim, og um leið er mikilvægt að við gefum þeim heilbrigðar stafrænar venjur í farangurinn til að þau séu vel búin fyrir hinn stafræna heim.

Osló, 30. október 2023

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Annette Lind (S)

Camilla Gunell (ÅSD)

Doris J. Jensen (S)

Eva Lindh (S)

Heléne Björklund (S)

Henrik Møller (S)

Jani Kokko (sd)

Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)

Kim Aas (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Malin Larsson (S)

Malte Larsen (S)

Maria Durhuus (S)

Mats Wiking (S)

May Britt Lagesen (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Per Husted (S)

Tove Elise Madland (A)

Truls Vasvik (A)

Åsa Karlsson (S)